

Nd.

244. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.

(Eftir. 3. umr. í Ed.)

1. gr.

2. málsgrein 1. greinar laga nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk, orðast þannig:

Sjóðir þessir skulu styrktir með árlegu tillagi úr landssjóði, 2 krónum fyrir hvern mann gjaldskyldan.

2. gr.

3. gr. sömu laga orðast svo:

Hver gjaldskyldur karlmaður greiðir í sjóðinn 4 krónur á ári, en kvenmaður 2 krónur.

3. gr.

Lög um breyting á lögum nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk, nr. 33, 26. október 1917, eru úr lögum numin.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920.